

## LEIK 2BF05

**Áfanginn** er á öðru þrepi.

### **Undanfarar:**

Undanfarar eru áfangar á 1.þrepi. Áfanginn sjálfur er undanfari fyrir áfanga á 3. Þrepi.

### **Stutt lýsing á efni áfangans:**

Viðfangsefni áfangans er senur senur úr leikverkum. Í ferlinu er lögð áhersla á vinnu leikarans og persónusköpun. Unnið er með textagreiningu og grunnálgun á leikverki sem grundvöll fyrir þróun leikverks í átt til sýningar.

### **Nokkur lykilhugtök áfangans:**

Textagreining, virk greining, líkamsvitund, rýmisvitund, samvinna, virk hlustun, fókus, snerpa, tilfinningalegt minni, „töfra ef-ið“ (the magic if), raddmótun, framsögn og hljóðmótun.

### **Námsmat:**

Frammistöðumat, verkefni, sýning.

---